

Fundargerð

Símafundur stýrihóps

Dags. fundar: 17-10-2019	Staðsetning: .Símafundur	Fundur settur: 8:30
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 9:00

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
x	Arnar Úlfarsson	Austurbrú
	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
x	Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Alcoa Fjarðaál
x	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
x	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
x	Hjalti Jóhannesson	RHA
x	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

- Staðan á vinnu og kostnaði við verkefnið
 - Staða vinnu við verkefnið er töluvert undir áætlun. Að hluta til skýrist það af því að uppfærslur hafa tekið styttri tíma en reiknað var með, og að hluta til vegna breytinga í stafrsmannahópi.
 - Meðal verkefna sem áætlað var að vinna á árinu var endurskoða flokkun vísa til einföldunar fyrir gesti og að endurskoða forsendur fyrir vali á vísun. Vinna er hafin við að endurskoða flokkunina, en rætt að (breyttar) forsendur þyrfti að ræða í hóp. Þetta varði rætt á vinnufundi stýrihóps og lagt til að hann verði haldinn 14. nóvember.
- Lifandi gröf / ný heimasíða
 - Annað verkefni sem áætlað var á árinu var að birta niðurstöður á lifandi gröfum. Rætt að nauðsynlegt er að verkefnið eignist nýja heimasíðu. Starfsmenn óska eftir tilboðum frá nokkrum aðilum. ¹
- Fyrirtækjakönnun / íbúakönnun
 - Til stóð að Austurland yrði með í íbúakönnun í haust sambærilegri við þá sem Vífill Karlsson kynnti á ársfundi verkefnisins 2018. Niðurstöður hefðu mögulega getað nýst Sjálfbærni-verkefninu. Framkvæmdinni var frestað vegna skörunar við rannsókn sem er í gangi á vegum Byggðastofnunar. Könnun sem Vífill er að vinna meðal fyrirtækja nær hins vegar til Austurlands og þarf að skoða hvort niðurstöður geta nýst verkefninu.
- Sóknaráætlun Austurlands 2020 – 2024
 - Nú er unnið að endurnýjun Sóknaráætlunar Austurlands og munu drög birtast í samráðsgátt á næstu dögum eða vikum. Þar eru skilgreindir mælikvarðar og markmið sem mögulega skarast við

¹ Í símtali eftir fundinn benti ÁÓ á að mikilvægt er að verkefnið hafi skýra sýn á það hvaða virkni og möguleika vefurinn á að hafa. Hann leggur til að hluti af vinnufundinum verði nýttur til að gera þarfagreiningu fyrir vefinn áður en leitað verður tilboða.

Sjálfbærni- og umhverfisverkefnið. Starfsmenn láta stýrihóp vita þegar drögin birtast í samráðsgátt og í kjölfarið verði skoðað hvort verkefnið vill gera athugasemd og/eða óska eftir samtali við SSA.

5. Önnur mál

- a. Ákveðið að héðan í frá verði „símafundir“ boðaðir í gegnum Microsoft Teams.